

Nd.

513. L Ö G

um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Ed. 24. ágúst).

1.

Annan tölulið í 3. grein laga um vegi 22. nóv. 1907, skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfssdal, Miðdali, Búðardal, um Hvammssveit, Svinadal og Saurbæ, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.

2.

Þessi breyting á stefnu þjóðvegarins er bundin því skilyrði, að sýsluvegur verði gerður úr þeim kafla hans, sem fellur úr.

3. gr.

Landssjóður heldur núverandi þjóðvegarkafli við, þar til er lokið er vegagerð frá Búðardal að Ljá, en sýslan veginum af Breiðamel að Búðardal.

4. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.